

- 36 gildistöku laganna fellur niður umboð stjórnar og endurskoðenda byggingarsjóðs
16. febr. samkvæmt lögum nr. 3 1935.

Lánskjör á fé því, sem rikissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími 20 ár.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Stjórnartíðindi 1952, A. 2.

37

19. marz

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við verndun fiskimiða umhverfis Ísland beri brýna nauðsyn til að breyta refsíákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, í því skyni að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ráðstafana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.